

15. júní 2022

## Rampaframkvæmd

Römpum upp Ísland gerir rampa, viðkomandi að kostnaðarlausu en sinnir eingöngu aðgengi að verslunum, veitingastöðum og annarri þjónustu í eigu einkaaðila.

Samkvæmt okkar útreikningum gæti Sveitarfélagið Árborg fengið um 27 rampa á næstu 4 árum. Af hagkvæmniástæðum væri best að gera sem flesta í einu.

Við byrjum á römpum:

- Þar sem mannfjöldinn er mestur (í miðbæ - á aðalgötunni ...)
- 
- Þar sem hæð að hurðargati er 15 cm eða minna
- 
- Þar sem hurðarop er 83 cm eða meira
- 
- Þar sem gangstétt er nægjanlega breið til að rúma ramp og gönguleið. (Miðað við ofantalin hæðamörk má hallinn ekki vera meira en 1:12 sem segir að t.d. 10 cm hæð við hurðargat kallar á ramp, 1,20 cm á lengd)

15 cm hækkun er í formi bungu sem er aflíðandi frá hurð í halla 1:12

RUÍ mun teikna allar aðgengisbreytingar og leggja þær sem eru á landi sveitarfélagsins fyrir viðkomandi stofnun og hinar fyrir viðkomandi húseigendur.

Æskilegt er að sveitarfélagið sinni ákveðinni undirbúningsvinnu en RUÍ vinnur fyrst og fremst á hellulögðum gangstéttum:

- Skanni þá staði sem mælt er með að verði "rampaðir"
- 
- Flokki þá staði sem eru annars vegar á einkalóð og hinsvegar á landi bæjarins
- 
- Láti RUÍ í té nöfn, símanúmer og netföng húseigenda þar sem fyrirhugað er að "rampa" á einkalóð (v/upplýsts samþykkis)
- 
- Fáí jákvætt svar frá húseigendum/rekstaraðilum (ekki er reiknað með rekstrarstöðvun á meðan á framkvæmd stendur)
- 
- Útvegi bílastæði fyrir pallbíl og kerru við verkstað
- 
- Útvegi sand til rampagerðar

- 
- Útvegi stað til losunar úrgangs
- 
- Sjái til þess að koma á sambandi við þá sem sjá um hitalagnir í stétt, þar sem þær eru til staðar (Ef eitthvað kemur uppá)
- 
- Standi straum af leyfiskostnaði, ef einhver er
- 

Sjái sveitarfélagið sér fært að útvega rampagerðarmönnum okkar (2-3) hádegismat, væri það vel þegið en reiknað er með að 2 menn geri um 8 rampa á viku, miðað við ofantalið.

Kv, Þorleifur Gunnlaugsson, stjórnarformaður og framkvæmdastjóri RUÍ